

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 194/2012

2013/EES/6/04

frá 26. október 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 347/2012 frá 16. apríl 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 í tengslum við gerðarviðurkenningarkröfur vegna tiltekinna flokka vélknúinna ökutækja að því er varðar háþróuð neyðarhæmlunarkerfi <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 351/2012 frá 23. apríl 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 að því er varðar gerðarviðurkenningarkröfur vegna uppsetningar á akreinaörum í vélknúnum ökutækjum <sup>(2)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 121, 8.5.2012, bls. 44.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 45zzo (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2012) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„45zzp. **32012 R 0347**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 347/2012 frá 16. apríl 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 í tengslum við gerðarviðurkenningarkröfur vegna tiltekinna flokka vélknúinna ökutækja að því er varðar háþróuð neyðarhæmlunarkerfi (Stjtið. ESB L 109, 21.4.2012, bls. 1).

45zzq. **32012 R 0351**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 351/2012 frá 23. apríl 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 að því er varðar gerðarviðurkenningarkröfur vegna uppsetningar á akreinaörum í vélknúnum ökutækjum (Stjtið. ESB L 110, 24.4.2012, bls. 18), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 121, 8.5.2012, bls. 44.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 347/2012 og (ESB) nr. 351/2012, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 121, 8.5.2012, bls. 44, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 109, 21.4.2012, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 110, 24.4.2012, bls. 18.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Atle Leikvoll***

formaður.